

# REGLUGERÐ

## um vinnumiðlun.

### I. KAFLI

#### Yfirstjórn vinnumiðlunar.

##### 1. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins (skammstafað VMF) fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og skipuleggur og samræmir störf hennar eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Öllum þeim aðilum, sem annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu er skylt að láta skrifstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína á þann hátt og í því formi sem VMF ákveður.

##### 2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar VMF ráðgjafarnefnd, sem fjalla skal um eftirtalin málefni:

- a) Skipulag vinnumiðlunar.
- b) Skýrslur um atvinnumál.
- c) Tillögur stjórnarnefnda vinnumiðlunar um eflingu atvinnulífs í hlutaðeigandi umdæmi.
- d) Tilhögun gagnavinnslukerfis og tilkynningarskyldu atvinnurekenda.
- e) Stefnumótun varðandi atvinnuleyfi útlanda.
- f) Framkvæmd samnings um sameiginlegan Norrænan vinnumarkað.
- g) Önnur mál, sem VMF eða aðrir opinberir aðilar leita umsagnar um, eða einstakir fulltrúar í ráðgjafarnefnd óska eftir að fjallað sé um og snerta hlutverk nefndarinnar.

Auk þess getur ráðgjafarnefndin haft frumkvæði að gerð áætlana um aðgerðir, sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti í atvinnu eða breytingum á atvinnuháttum í einhverri starfsgrein, á einstökum stöðum eða á landinu öllu.

### II. KAFLI

#### Vinnumiðlun sveitarfélaga.

##### 3. gr.

Hverju sveitarfélagi, sem hafði samkvæmt síðasta manntali Hagstofu Íslands 500 eða fleiri íbúa, er skylt að annast vinnumiðlun. Þó er sveitarfélögum á sama atvinnusvæði skv. 4. gr. heimilt að reka sameiginlega vinnumiðlun, en skylt er þeim að hafa samstarf um allt sem lýtur að vinnumiðlun á svæðinu.

Nú næst ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga innan atvinnusvæðis um sameiginlega vinnumiðlun og geta þá þau sveitarfélög, sem að samkomulagi vilja standa, rekið vinnumiðlun sameiginlega þó hún taki ekki til svæðisins í heild. Þó skulu kaupstaðir með 10 þúsund íbúa eða fleiri reka sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur.

Öllum sveitarfélögum er skylt að hafa með höndum atvinnuleysisskráningu.

## 4. gr.

Landið skiptist í atvinnusvæði sem hér segir:

Sveitarfélag

## 1.0 Höfuðborgarsvæði:

Reykjavík  
Kópavogur  
Seltjarnarnes  
Garðabær  
Hafnarfjörður  
Bessastaðahreppur  
Mosfellshreppur  
Kjalarneshreppur  
Kjósarhreppur

## 2.0 Vesturlandssvæði:

- a) Akranes  
Hvalfjarðarstrandahreppur  
Skilmannahreppur  
Innri Akraneshreppur  
Leirár- og Melahreppur
- b) Borgarnes  
Andakílshreppur  
Skorradalshreppur  
Lundarreykjadalshreppur  
Reykholtisdalshreppur  
Hálsahreppur  
Hvítársíðahreppur  
Þverárhlíðarhreppur  
Norðurárdalshreppur  
Staflholtstunguhreppur  
Borgarhreppur  
Álftaneshreppur  
Hraunhreppur
- c) Ólafsvík  
Staðarsveit  
Fróðárhreppur
- d) Neshreppur (Hellissandur)  
Breiðuvíkurbhreppur
- e) Stykkishólmur  
Helgafellssveit  
Skógarstrandahreppur  
Miklaholtshreppur
- f) Eyrarsveit (Grundarfjörður)
- g) Dalasýsla
- h) A-Barðastrandarsýsla

## 3.0 Vestfjarðarsvæði:

- a) Patreksfjörður  
Tálknafjarðarhreppur  
Bíldudalur (Suðurfjarðahreppur)
- b) Þingeyri
- c) Flateyri

- d) Suðureyri
- e) Ísafjörður  
Bolungarvík  
Súðavíkurbhreppur
- f) Drangsnæs (Kaldrananeshreppur)
- g) Hólmavík  
Hróbergshreppur  
Kirkjubólshreppur  
Fellshreppur

## 4.0 Norðurlandssvæði:

- a) Hvammstangi  
Staðarhreppur  
Fremri-Torfustaðahreppur  
Kirkjuhvammshreppur  
Þverárhreppur  
Þorkelshólshreppur
- b) Blönduós  
Áshreppur  
Sveinsstaðahreppur  
Torfulækjarhreppur  
Svínavatnshreppur  
Bólstaðarhlíðarhreppur  
Engihlíðarhreppur
- c) Skagaströnd (Höfðahreppur)  
Vindhælishreppur  
Skagahreppur
- d) Sauðárkrúkur  
Skefilsstaðahreppur  
Skarðshreppur  
Staðarhreppur  
Seyluhreppur  
Lýtingsstaðahreppur  
Akrahreppur  
Viðvíkurhreppur
- e) Höfsós  
Hólahreppur  
Hofshreppur  
Fellshreppur  
Hegraneshreppur  
Holtshreppur
- f) Siglufjörður
- g) Ólafsfjörður
- h) Dalvík  
Svarfaðardalshreppur  
Hríseyjarhreppur  
Árskógshreppur

- i) Akureyri
  - Arnarneshreppur
  - Skriðuhreppur
  - Öxnadalshreppur
  - Glæsibæjarhreppur
  - Hrafnagilshreppur
  - Saurbæjarhreppur
  - Öngulsstaðahreppur
  - Svalbarðsstrandarhreppur
  - Hálshreppur
- j) Grenivík
- k) Húsavík
- l) Skútustaðahreppur
- m) Presthólahreppur
  - Kelduneshreppur
  - Öxarfjarðarhreppur
- n) Raufarhafnarhreppur
- o) Þórshafnarhreppur
  - Svalbarðshreppur
  - Sauðaneshreppur
- 5.0 Austurlandssvæði:
  - a) Vopnafjörður
    - Bakkafjörður (Skeggjastaðahreppur)
  - b) Egilsstaðir
    - Hlíðarhreppur
    - Jökuldalshreppur
    - Fljótisdalshreppur
    - Fellahreppur
    - Tunguhreppur
    - Hjaltastaðahreppur
    - Borgarfjarðarhreppur (Bakkagerði)
    - Skriðdalshreppur
    - Vallahreppur
    - Eiðahreppur
  - c) Seyðisfjörður
    - Seyðisfjarðarhreppur
  - d) Neskaupstaður
    - Mjóafjarðarhreppur
    - Norðfjarðarhreppur
  - e) Eskifjörður
    - Helgustaðahreppur
    - Reyðarfjarðarhreppur
  - f) Búðarhreppur
    - Fáskrúðsfjarðarhreppur
    - Stöðvarhreppur
  - g) Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)
    - Beruneshreppur
    - Búlandshreppur (Djúpivogur)
    - Geithellnahreppur
- h) Höfn
  - Bæjarhreppur
  - Nesjahreppur
  - Mýrahreppur
  - Borgarhafnarhreppur
  - Hofshreppur
- 6.0 Suðurlandssvæði:
  - a) Hörglandshreppur
    - Kirkjubæjarhreppur
    - Skaftártunguhreppur
    - Leiðvallahreppur
    - Álftavershreppur
    - Mýrdalshreppur (Vík)
  - b) Hvolhreppur
    - Austur-Eyjafjallahreppur
    - Vestur-Eyjafjallahreppur
    - Austur-Landeyjahreppur
    - Vestur-Landeyjahreppur
    - Fljótshlíðarhreppur
    - Hella (Rangárvallahreppur)
    - Landmannahreppur
    - Holtahreppur
    - Ásahreppur
    - Djúpárhreppur
  - c) Vestmanneyjar
  - d) Selfoss
    - Gaulverjabæjarhreppur
    - Stokkseyrarhreppur
    - Eyrbakkahreppur
    - Sandvíkurhreppur
    - Hraungerðishreppur
    - Villingaholtshreppur
    - Skeiðahreppur
    - Gnúpverjahreppur
    - Hrunamannahreppur
    - Biskupstungnahreppur
    - Laugardalshreppur
    - Grímsneshreppur
    - Pingvallahreppur
    - Grafningshreppur
    - Hveragerðishreppur
    - Ölfushreppur (Þorlákshöfn)
    - Selvogshreppur
- 7.0 Suðurnesjasvæði:
  - Keflavík
  - Grindavík
  - Njarðvík
  - Hafnahreppur
  - Sandgerði (Miðneshreppur)
  - Gerðahreppur
  - Vatnsleysustrandarhreppur

## 5. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar, sem rekin er af sveitarfélögum, skal vera sem hér segir:

1. Að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.
2. Að fylgjast með framvindu atvinnumála og gera sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, ef fleiri standa að vinnumiðlun, viðvart ef horfur eru á samdrætti eða atvinnuleysi svo og ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði.
3. Að safna og dreifa upplýsingum um framboð og eftirspurn eftir vinnuafli á starfssvæði vinnumiðlunarinnar samkvæmt því sem nánar verður ákveðið.
4. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegum hæfra starfsmanna.
5. Að leiðbeina um starfsval og veita upplýsingar um vinnumarkaðinn.
6. Að veita sérstaka aðstoð við atvinnuleit fatlaðra.
7. Að inna af hendi önnur störf eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

## 6. gr.

Þær sveitarstjórnir, sem skylt er að annast vinnumiðlun skv. 3. gr., skulu kjósa hlutbundinni kosningu a. m. k. þrjá menn í stjórnarnefnd vinnumiðlunar. Auk þess taka sæti í stjórnarnefnd einn fulltrúi verkafólks og annar af hálfu atvinnurekenda. Skal fulltrúi verkafólks tilnefndur af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða fulltrúaráði þeirra, ef fleiri en eitt er í sveitarfélaginu. Fulltrúi atvinnurekenda skal tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands eða Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, eftir nánara samkomulagi samtakanna.

Nú standa fleiri sveitarfélög að vinnumiðlun og ákveða þá sveitarstjórnir sameiginlega fjölda þeirra, sem kjósa skal í stjórnarnefnd, svo og tilhögun kosningar. Rétt er sveitarstjórnnum í slíkum tilvikum að fela hlutaðeigandi landshlutasambandi að kjósa sameiginlega stjórnarnefnd ef henta þykir.

Pegar um sameiginlega vinnumiðlun er að ræða fyrir atvinnusvæði skv. 4. gr., skulu fulltrúar verkafólks og atvinnurekenda vera 2 frá hvorum aðila og tilnefnir hlutaðeigandi svæðasamband ASÍ 2 fulltrúa verkafólks en VSÍ og VMS sinn fulltrúann hvort samband.

Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og að framan greinir. Kjörtímabil stjórnarnefnda er hið sama og sveitarstjórna.

## 7. gr.

Hlutverk stjórnarnefnda er að marka meginstefnu vinnumiðlunarinnar, hafa umsjón með starfsemi og fylgjast með framkvæmd þeirra verkefna, sem um getur í 5. gr.

Stjórnarnefnd skal gera tillögur um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi á starfssvæði sínu og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál.

## III. KAFLI

**Markmið og framkvæmd vinnumiðlunar.**

## 8. gr.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla svo sem kostur er að nægri og jafnri atvinnu um land allt og tryggja svo sem tök eru á að jafnan sé nægjanlegt vinnuafli til þess að mæta þörfum atvinnuveganna. Markmiðum þessum skal náð með því að vinnumiðlunin fylgist náið með framvindu á vinnumarkaði m. a. á þann hátt að hafa samband eða heimsækja reglulega atvinnufyrirtæki og stofnanir og kanna þarfir þeirra fyrir vinnuafli á hverjum tíma.

Vinnumiðlun skal vera hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta og er öllum, sem leita eftir atvinnu frjálst að snúa sér til vinnumiðlunar og óska eftir upplýsingum um laus störf.

Á sama hátt er atvinnurekendum frjálst að leita eftir upplýsingum um framboð vinnuafis og óska meðalgöngu vinnumiðlunar um útvegum þess.

## 9. gr.

Hver sá, sem óskar meðalgöngu vinnumiðlunar, skal láta í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar, á þann hátt og í því formi sem vinnumiðlun ákveður.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingarnar veitir að öðru leyti en því, sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

## 10. gr.

Hver sá, sem leitar eftir atvinnu, getur snúið sér til vinnumiðlunar þess sveitarfélags, þar sem hann á lögheimili og óskað aðstoðar hennar við að finna starf við sitt hæfi.

Sá, sem lætur skrá sig sem atvinnuumsækjandi hjá vinnumiðlun skal láta í té eftirtaldar upplýsingar:

- a) Nafn, nafnnúmer, fæðingardag og ár og lögheimili.
- b) Menntun, starfsréttindi og stéttarfélag.
- c) Fyrri störf, hjá hverjum og hvaða atvinnu sé óskað.
- d) Annað, er máli kann að skipta.

## 11. gr.

Vinnumiðlun veitir einstaklingum upplýsingar um þau lausu störf sem skráð eru hjá henni, í þeirri starfsgrein er hlutaðeigandi æskir að starfa, enda fullnægi einstaklingurinn þeim kröfum sem starfið gerir, að mati vinnumiðlunar.

Upplýsingar þessar skulu vera í formi starfslýsinga, þar sem komi fram í hverju starfið er fylgið, hvaða kröfur séu gerðar til starfsmanns svo og um kaup og kjör og annað er máli skiptir. Telji vinnumiðlunin hlutaðeigandi einstakling fullnægja skilyrðum starfslýsingar, veitir hún aðstoð við að koma á sambandi milli hans og þess atvinnurekanda, sem óskar eftir starfsmanni. Geti vinnumiðlun ekki vísað einstaklingi, sem þess óskar, á starf innan síns svæðis, á einstaklingurinn rétt til þess að vera skráður hjá vinnumiðluninni sem umsækjandi um starf. Hafi vinnumiðlun vitneskju um laust starf á öðru vinnumiðlunarsvæði, skal hún láta þær í té, ásamt upplýsingum um mögulega aðstoð við flutninga milli svæða, húsnaðismál og annað sem máli skiptir.

## 12. gr.

Vinnumiðlun veitir atvinnurekendum upplýsingar um framboð á vinnuafli í hlutaðeigandi starfsgrein. Upplýsingar þessar skulu greina menntun, starfsréttindi, reynslu og aldur þess eða þeirra, sem óskað hafa eftir starfi, en ekki nöfn þeirra. Óski atvinnurekandi meðalgöngu vinnumiðlunar kemur hún á sambandi milli þess eða þeirra einstaklinga, sem til greina koma og atvinnurekenda.

Geti vinnumiðlun ekki vísað atvinnurekanda á starfsmann, sem fullnægir starfskröfum, færir hún starfið á skrá um laus störf og veitir jafnframt öðrum vinnumiðlunum upplýsingar um starfið sbr. þó 18. gr.

## 13. gr.

Vinnumiðlun aðstoðar fatlaða við atvinnuleit í samráði við svæðisstjórnir sbr. 5. gr. laga nr. 41/1983, svo og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og stofnanir, sem annast endurhæfingu fatlaðra.

Þegar sveitarfélag starfrækir sérstaka deild vegna vinnumiðlunar fatlaðra greiðir ríkissjóður 85% af rekstrarkostnaði deildarinnar sbr. 28. gr. laga nr. 41/1983. Sama gildir ef sveitarfélög á sama atvinnusvæði skv. 4. gr. sameinast um rekstur deildar fyrir fatlaða. Á þetta einnig við þó sveitarfélög reki ekki almenna vinnumiðlun sameiginlega.

Ennfremur skal vinnumiðlun veita öldruðum aðstoð við að fá vinnu, sem hæfir starfsþreki þeirra.

Við úrlausn verkefna samkvæmt þessari grein skal vinnumiðlunin hafa náið samband við atvinnurekendur, sem hafa rekstur með höndum er geti veitt fólki með takmarkaða starfsgetu atvinnu svo og stjórnendur verndaðra vinnustaða.

14. gr.

Vinnumiðlun skal aðstoða unglinga við atvinnuleit og leiðbeina þeim og öðrum sem þess óska eftir föngum við starfsval. Í þessu skyni skal afla sem gleggstra upplýsinga um atvinnulíf á starfssvæði vinnumiðlunar, námsbrautir sem í boði eru og kröfur um nám og hæfni, sem gerðar eru í hverri atvinnugrein fyrir sig. Rétt er vinnumiðlun að hafa samstarf við fræðsluyfirvöld um starfsemi samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI

**Skráning atvinnulausra.**

15. gr.

Hver sá, sem án árangurs, sækir um atvinnu hjá vinnumiðlun skal færður á sérstaka atvinnuleysissskrá ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal, ef ástæða þykir til, um vinnufærni umsækjanda, skv. vottorði lækis.

Vinnumiðlun getur krafist þess að sá sem skráður er atvinnulaus, hafi sambandi við hana svo oft sem þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni. Aldrei skal atvinnuumsækjandi, sem telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta, þó mæta sjaldnar til skráningar en vikulega. Líði fresturinn án þess að mætt sé til skráningar, skal hlutaðeigandi felldur út af skrá yfir atvinnulausa.

Fái atvinnuumsækjandi vinnu án meðalgöngu vinnumiðlunar, skal hann tilkynna vinnumiðlun það án tafar. Ennfremur ber að tilkynna vinnumiðlun brottflutning af starfssvæði hennar svo og forföll vegna veikinda.

16. gr.

Hver sá, sem skráður er atvinnulaus og telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 64/1981, 22/1981 eða 46/1981, getur krafist vottorðs þess er annast atvinnuleysissskráningu um atvinnu hans eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður sem umsækjandi um atvinnu sbr. 15. gr.

Í vottorði þessu skal upplýst um eftirtalin atriði:

- a) Nafn og nafnnúmer umsækjanda.
- b) Heimilisfang.
- c) Hvort hlutaðeigandi hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu.
- d) Af hvaða ástæðum umsækjandi hefur misst atvinnu sína.
- e) Hvort umsækjandi sé vinnufær.
- f) Hvort umsækjandi hafi neitað vinnu, sem vinnumiðlun hefur boðið honum og skal þá greina hvers konar vinna var boðin og ástæður fyrir synjun.  
Nú er þeim sem annast atvinnuleysissskráningu í sveitarfélagi, sem ekki er skylt að annast vinnumiðlun skv. 3. gr., kunnugt um að atvinna sé fyrir hendi og við hæfi þess er vottorðs beiðist og skal þá skráningaraðili láta þess getið á vottorði skv. 1. mgr. þessarar greinar og skýra jafnframt þeim, er skráningar beiðist frá því að svo verði gert.
- g) Hvort hlutaðeigandi stundi vinnu í eigin þágu, sem gefur tekjur eða tekjugildi er samsvari launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennt fiskvinnslu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands við vinnuveitendur á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár.

h) Hvort gætt hafi verið ákvæða laga nr. 19/1979, varðandi uppsögn umsækjanda.

i) Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.

Vottorð skal bera með sér hvar og hvenær það er útgefið og staðfest af hlutaðeigandi vinnumiðlun.

Sá, sem fengið hefur vottorð samkvæmt framansögðu, og telur sig eiga rétt til áframhaldandi atvinnuleysisbóta, getur krafist vottorðs þar að lútandi. Vottorð þetta skal geyma upplýsingar um eftirtalin atriði:

1) Sömu atriði og greindi í staflidum a-e þessarar greinar.

2) Hve marga virka daga umsækjandi hefur verið atvinnulaus síðan síðasta vottorð var gefið út.

3) Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.

Sá, sem óskar vottorðs samkvæmt þessari grein skal eiga lögheimili í umdæmi vinnumiðlunar eða hafa starfað þar, þegar hann varð atvinnulaus.

## V. KAFLI

### Skráning lausra starfa.

#### 17. gr.

Þegar atvinnurekandi snýr sér til vinnumiðlunar og óskar aðstoðar hennar við ráðningu starfsmanna, skal hann láta vinnumiðlun í té eftirtaldir upplýsingar:

a) Nafn sitt eða fyrirtækis, nafnnúmer, heimilisfang og símanúmer.

b) Starfsgrein þá, sem óskað er eftir starfsmönnum í, ásamt lýsingu á starfinu og þeim kröfum sem gerðar eru um menntun, starfsréttindi og starfsþjálfun.

c) Laun, ráðningarkjör og ráðningartíma, svo og fjölda þeirra starfsmanna, sem óskað er.

d) Nafn þess starfsmanns, er fer með starfsmannamál og vera skal tengiliður við vinnumiðlun, ef atvinnurekandi annast ekki slíkt sjálfur.

e) Önnur atriði, sem máli geta skipt, svo sem hvort húsnæði er í boði og með hvaða kjörum.

Atvinnurekandi, sem leitar aðstoðar vinnumiðlunar við öflun starfsmanna, getur óskað nafnleyndar gagnvart öðrum atvinnuleitendum en þeim, sem til greina koma við ráðningu.

#### 18. gr.

Vinnumiðlun heldur skrá yfir þau laus störf, sem í boði eru og skulu þau flokkuð eftir nánari fyrirmælum VMF. Skráin skal geyma sem gleggsta lýsingu á þeim störfum, sem í boði eru og vera aðgengileg fyrir þá, sem leita eftir starfi. Meðan ekki hefur verið komið á gagnkvæmu gagnavinnskruferfi vinnumiðlunar er hverri vinnumiðlun skylt að láta öllum þeim, sem annast vinnumiðlun skv. reglugerð þessari, í té upplýsingar um skráð laus störf á sínu starfssvæði sé þess óskað.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 19. gr.

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt er skylt að annast vinnumiðlun og/eða atvinnuleysis-skráningu, skulu í lok hvers mánaðar senda VMF upplýsingar um skráð atvinnuleysi í umdæminu. Þessar upplýsingar, sem berast skulu VMF eigi síðar en þriðja virkan dag næsta mánaðar, skulu greina fjölda skráðra atvinnuleysisdaga í mánuðinum í hverri starfsgrein fyrir sig svo og fjölda þeirra einstaklinga, sem eru á atvinnuleysissskrá síðasta virkan dag mánaðarins, flokkað eftir starfsgreinum og kyni. Jafnframt skal upplýst um laus störf, sem kynnu að vera skráð hjá vinnumiðlun, fjölda þeirra og í hvaða starfsgreinum þau eru.

Sé um viðvarandi atvinnuleysi að ræða skal vinnumiðlun mánaðarlega senda VMF yfirlit um í hvaða starfsgreinum atvinnuleysið er, aldursskiptingu hinna skráðu og lengd atvinnuleysistímabils, ásamt öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta.

## 20. gr.

VMF hefur eftirlit með þeim aðilum, sem annast milligöngu um ráðningu eða vinnumiðlun án endurgjalds sbr. 17. gr. laga nr. 18/1985. Öllum slíkum aðilum er skylt að veita VMF upplýsingar um starfsemi sína, þ. á m. um fjölda atvinnuleitenda, lausra starfa og ráðningu hjá hlutaðeigandi aðila.

## 21. gr.

VMF lætur gera nauðsynleg eyðublöð vegna vinnumiðlunar og atvinnuleysisskráningar.

## 22. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi sbr. þó 2. mgr. 13. gr. Nú standa sveitarfélög sameiginlega að rekstri vinnumiðlunar og skal þá kostnaði skipt milli hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir reglum, sem þau koma sér saman um. Við ákvörðun kostnaðarskiptingar skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti íbúar sveitarfélaga hagnýta sér þjónustu vinnumiðlunar, framboðs á mannafla og umfangs atvinnuleysisskráningar.

## 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 130/1956, 341/1973 og 554/1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Óskar Hallgrímsson.*

## **HAFNARREGLUGERÐ**

**fyrir Reykjavíkurböfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

## 1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Reykjavíkurbafnar er fyrir allri strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og skiptist af Seltjarnarnesi í Skerjafjörð og Kollafjörð.

1.2 Takmörk á sjó eru:

Á Kollafirði: Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° til skurðar við línu sem dregin er úr ósum Úlfarsár réttvísandi 307°. Undanskilin eru svæði, sem ákvarðast af netlögum Seltjarnarnesskaupstaðar.